

Mæður af holdi og blóði

Kvenfrelsarinn, Shari L. Thurer – sálfræðingur og sálkönnuður, prófessor við háskólann í Boston í Bandaríkjunum Norður-Ameríku (BNA) hefur skrifað merkilega bók: „Goðsagnir um móðurgjörninginn. Hvernig menningin endurskapar hina góðu móður“ (The myths of motherhood: How culture reinvents the good mother).

Shari hefur þá traustvekjandi sérstöðu meðal kvenfrelsunarfræðimanna að gefa aðferð sinni gaum. Hún segir t.d. réttilega, að samfélagið sem slíkt, gerð þess og almenningsálit, hafi þeim áhrif á fræðimennsku og vísindi. „Túlkun sagnfræðingsins afhjúpar sitt hvað um hann sjálfan,“ segir höfundur og hittir naglann þráðbeint á höfuðið. Hún vill gjalda varhug við þeim algengu mistökum kvenfrelsunarfræðimanna að túlka skapraunir nútíma kvenfrelsara inn í veraldarsöguna. En hún á greinilega í brösum. Eigin varnaðarorð duga skammt í umfjöllun um kynjakrytur í hinni fornu Aþenu. Shari staðhæfir nefnilega, að verk málsmetandi leikritaskálda „bendi til að móðurmorð eða allavega móðurníð (bashing) hafi verið grísk þráhyggja.“ Engu að síður heldur höfundur sig við rétt heygardshorn aðferðafræðinnar, þegar hún ítrekar: „Það væru mistök, að skoða fjölskyldulíf snemma á nýöld með hugarfari svekktra kvenfrelsara.“ En því miður; „fen er fótum nær en hyggur.“

Mér er reyndar ekki örgrannt um þá hugsun, að aðferðafræðilegar leiðbeiningar hins víðkunna kvenfrelsara, Mary Daly, hafi heltekið hug höfundar. Mary segir: „Konur sækjast eftir þekkingu. Þegar hún er fundin, veita þær körlum hlutdeild í henni, svo við hönd í hönd getum fetað slóðina út úr hugvilluparadís falskrar vitundar og firringar.“ Svo virðist sem Shari sé einnig höll undir söguskoðun Geraldine Sharp, sem í verki sínu, „Slóð sæðisins um aldirnar. Týndi hlekkurinn í kenningum um karlinn“ (A Trail of Semen Down Through the Ages. The Missing Link in the Theories of Male), segir: „Konur hafa skipað stærsta kynþátt olnbogabarna í veröldinni. Sagan greinir einungis frá helmingi mannkyns - körlum. – Gagnrýninn lestur sögunnar dregur fram í dagsljósið grimmd og ofbeldi við sífelldar árásir karla á konur, allt frá barsmíðum á eiginkonum til nornaveiða, frá löskun kynfæra til morða.“

Hvernig sem því líður rekst Shari rétt orð á munn, þegar hún segir: „Upplýsingar af vísindalegum toga eiga erfitt uppdráttar, þegar vinsælar goðsagnir eru annars vegar, sérstaklega þegar þær ganga í berhöggi við hleypidóma, sem fólki er annst um.“

Shari er í mun að grafa undan ríkjandi goðsögn um móðurina. Í blóra við fræðamaður hennar úr fyrstu bylgju kvenfrelsunar (á ofanverðri nítjándu öldinni og öndverðri þeirri tuttugustu), telur Shari, að í goðsögninni felist kúgun kvenna. Shari útskýrir: Hinir fyrstu aðgerðasinnar sáu ekki þörf fyrir að beina sjónum að móðurgjörningnum sem ásteytingarsteini kvenna í baráttunni fyrir frelsun þeirra. Þeir mótmæltu ekki móðurskyldunum. Það viðhorf átti rætur í „stöðu þeirra sem forréttindakvenna á þeim tímum, þegar heimilisfólki gnægtaheimila var þjónað til borðs og sængur. T.d. hafði frú [Elizabeth Cady] Stanton [1815-1902] afbragðsgóða þjónustustúlku. Amy Willard. Móðurhlutverkið taldi hún enga byrði, sem þyrfti að létta af sér.“

Reyndar var það svo, að móðurhlutverkið var kvenfrelsurunum dýrmætt áróðursbragð í málflutningi þeirra fyrir kosningarétti til handa konum (kosningaréttur karla var þeim ekki

hugleikinn). Í Englandi og BNA t.d. gerðu konur kröfur um kosningarétt í ljósi siðferðilegra yfirburða, sem helguðust af móðurgjörningnum. En það var fleira skrítið í kýrhausnum. Kvenfrelsunarmæðurnar börðust einnig gegn getnaðarvörnum, þ.e. smökkum. Það hlýtur að hafa staðið í breska rithöfundinum og blaðamanninum, Rosalind Miles (f. 1943), sem í bók sinni, „Heimssögu kvenna,“ (The Women's History of the World), komst að þeirri niðurstöðu, að „allar kröfur um jafnrétti hafi strandað á kynferðislegu misrétti [gegn konum].“

Í Rússlandi eða Ráðstjórnarríkjunum tóku kvenfrelsararnir þverstæða stefnu. Frjálst kynlíf kvenna varð ein af undirstöðum byltingarinnar. Þar fóru í fararbroddi Rosa Luxemburg (1871-1919) og Alexandra Michaliovna Kollontai (1872-1952). Kynsystur sinni, Rósu, lýsir Shari svo: „[H]ún var frenja, konan með vindling í annarri hendinni og karlmann í hinn, sjálfstæð, sköruleg, nautnasjúk og lífsglöð, ung kona. Hún geislaði sjálfstæði, sem fól í sér ógn við hefðbundin kynhlutverk Viktoríutímans.“ Sagnfræðingurinn, Ólafur Jens Pétursson, lýsir viðhorfum Alexöndru svo: „Meginatriðið væri að konan öðlaðist frelsi sem kona. Samfarir karls og konu taldi hún ekki meira mál en að svala þorsta sínum og þannig vildi hún að konur litu á kynlíf.“

Byltingarmenn töldu í samræmi við vangaveltur þýska heimspekingsins, Friedrich Engels (1820-1895), um móðurveldið, þ.e. hamingjusamlegt samneyti kynjanna og kynlíf í samfélagi án einkaeignar, að fólk gæti leyst girnd sína að eigin geðþóttu. Kæmi barn undir mátti eyða fóstri eða afkvæmið yrði alið upp af ríkisvaldinu að mestu leyti.

Það skipti engum togum, að í hinu nýja ríki kvenfrelsis og jafnaðarmennsku var fjölskyldan leyst upp með hina réttu vitund að leiðarljósi. En því miður var almenningur þá sem nú tregur í taumi, þegar boðun hinnar réttu vitundar var annars vegar. Milljónir kvenna í Ráðstjórnarríkjunum gáfu byltingarforkólfunum á baukinn fyrir upplausn fjölskyldunnar og þá eynd, sem í kjölfarið fór. Foringinn mikli, Joseph V. Stalín (1878-1953) snéri við blaðinu og gerði fjölskylduna að sæmdarstofnun í alræði öreiganna og efndi til samkeppni meðal mæðra um barneignir. Það varð konum metnaður að verða „byltingarmæður.“

Róttækir byltingarforingjar eða úrvalssveit öreiganna (hópur byltingarsinna, sem hafði vit fyrir öreigunum) hafði einnig talið konum trú um, að til viðbótar afnámi einkaeignarinnar og geðþóttakynlífs, væri í launavinnu frelsi þeirra fólgið. Þannig yrðu þær fjárhagslega sjálfstæðar og óháðar karlmönnum um framfærslu. Það væri með öðrum orðum unnt að vinna sig til frelsis. Leiðtogi þjóðernisjafnaðarmanna í Þýskalandi, Adolf Hitler (1889-1945), sem var svo hrifinn að konum, að hann færði kvendaginn yfir á afmælisdag móður sinnar, greip þessa kennisetningu á lofti og reyndi að telja ánauðugum Gyðingum í útrýmingarbúðum trú um það sama undir vígorðinu: „Í vinnunni er frelsið fólgið“ (Arbeit macht frei). Kvenfrelsarar annarrar bylgju kvenfrelsunar tóku þessa kennisetningu einnig að hjarta sér.

Í kjölfar seinna heimsstríðs runnu upp á Vesturlöndum merkilegir tímar. Konurnar, sem höfðu framleitt hergögn handa körlum sínum í heimsstyrjöldinni, vildu nú flestar snúa heim aftur. Auðvaldssamfélagið blómstraði sem aldrei fyrr, m.a. drifið áfram af neyslu heimilanna. Karlar lögðu sig í framkróka við að finna upp hina og þessa tækni til að létta konum sínum lífið. En þeim fór að leiðast fyrir bragðið, urðu ónógar sjálfum sér.

Húsmæðurnar þurftu nú að kljást við „nafnlausu vandann,“ sem kvenfrelsarar kalla svo. Og Betty Friedan (1921-2006) skrifaði biblíu sína: „Hina kvenlegu dulúð“ (The Feminine Mystique). Lausn á nafnlausu vandanum taldi hún m.a. vera launavinnu, skólagöngu, valdeflingu og frelsi til kynlífs – í sjálfu sér allt gamlar lummur úr rússnesku byltingunni og umbótastarfi róttækra fræðimanna millistríðsáranna með austurríska lækinn og sálkönnuðinn, Wilhelm Reich (1897-1957), og þýska heimspekinginn, Herbert Marcuse (1898-1979), í fararbroddi.

Umbótastarfið leiddi til andófs gegn auðvaldssamfélaginu, stúdentabyltingar og kynlífsbyltingar. Geirvörtur kvenna voru meira að segja frelsaðar. Shari segir, að nú hafi dætrum kvendulúðarkynslóðarinnar loksins orðið ljóst, að lífið með Elektrólux væri tóm bæði og hjóm. Sálfræðingurinn, Dorothy Dinnerstein (1923-1992), hélt því fram í bók sinni, „Hafmeyjan og óvætturinn“ (The Mermaid and the Minotaur) „að tortímandi hegðun kvenna væri þeim ekki í sjálfsveld sett, heldur væri um að ræða ginningu feðraveldisins.“ Í huga Shari er feðraveldið konum örlogaríkt. En konur hafa verið í vitorði. „[Þ]ví má ekki stinga undir stól, að konur hafa verið í vitorði [með körlum] um eigin undirskipun.“ Tja! Nú vandast málið heldur betur. Konur kúga sjálfar sig í feðraveldinu!

Eftir seinna heimsstríð gerðu kvenfrelsarar skiljanlega harða atögu að móðurgjörningnum og hjónabandinu, sem voru tvö meginkúgunartól karlanna. Í bók sinni, „Þrætubók um kynin. Málalímbúnaður kvenfrelsunarbyltingarinnar“ ((The Dialectic of Sex: The Case for Feminist Revolution), segir Shulamith Firestone (1945-2012), m.a.: „Það verður ekki gengið milli bols og höfuðs á bandormi þrælkunarinnar, nema byltingin uppræti grundvallarstofnunina, hina náttúrulegu (biological) fjölskyldu, [því] hún getur [auðveldlega] orðið gróðrarstía andlegs valds.“ En þegar þetta er ritað, hafði fjölskyldan verið endurreist í Ráðstjórnarríkjunum.

Shari segir: „Um miðja tuttugustu öldina var móðirin talin uppspretta gjörvallrar þeirrar eymdar, sem samfélagði hrjáði. Þetta var blómaskeið óhróðursins um móðurina. Móðirin var orðin að skrímsli í bókmenntum, fjölmiðlum, félagsfræði, sálfræði og jafnvel í kvenfrelsunarfræðunum.“ En árás kvenfrelsunarsystranna var misráðin. „[Þ]egar hin nýja bylgja kvenfrelsunar [þ.e. önnur bylgja] náði hámarki sínu síðla á sjöunda áratugi síðustu aldar, var [árásin á] móðurgjörninginn fyrsta stórslysið.“

Því varð til andófsshreyfing kvenfrelsara með norður-ameríska rithöfundinn, Adrienne Cecile Rich (1929-2012), í broddi fylkingar. Hún ól upp börn sín á sjötta og sjöunda áratugi síðustu aldar og skrifaði um hið dulda ofbeldi gegn þeirri stofnun, sem móðurgjörningurinn var, og gegn móðurinni sem slíkri, sem þjáðist undan „sektarkennd, aflvana með ábyrgð á lífi manna, áfellingdómum og fordæmingu, ásamt óttanum við eigið vald, sekt, sekt og aftur sekt.“ Adrienne boðaði í bók sinni, „Kona er fædd“ (Of Woman Born), að kúgun kvenna fælist í sjálfu sér ekki í móðurgjörningnum sem slíkum, heldur í feðraveldinu. „Kvenfrelsarar dásömuðu nú móðurgjörninginn sem velþóknalegan og hugsanlega frjóvgandi og gefandi valkost [í lífinu], jafnvel fyrir „frelsaða“ konu,“ segir Shari.

Shari bendir sömuleiðis á mikilvægi norður-ameríska byltingarsinnans og kvenfrelsarsans, Tillie Lerner Olsen (1912-2007), sem lýsti fórnarlambstilveru móðurinnar í bókinni: „Ég

stend hérna og strauja“ (I Stand Here Ironing). „Þetta er eitt af fyrstu skáldverkunum, þar sem höfundur brýnir raustina svo greinilega um fórnarlambsvæðingu móðurinnar ...“

Móðirin steig nú út úr tuttugustu aldar goðsögninni í anda og líki hinna fornu gyðja, segir Shari: „Þráttu þúsund árum, eftir tilurð sína, er móðirin að stíga út úr goðsögninni og gerir sig heimakomna meðal mannkyns – eða réttar tiltekið, kemur tilbaka, eftir valdarán feðraveldisins. Það er kominn tími til.“ ... „Þegar konum lánast að sjá í gegnum goðsögnina, gæti það runnið upp fyrir þeim, að „mistök“ þeirra stafi ekki nauðsynlega af persónulegum ágalla, heldur af skipulagi samfélagsins.“ Með öðrum orðum gæti verið, að mæður bæru ekki ábyrgð á sjálfum sér.

Snar þáttur vitundarvakningarinnar er upprifjun og endurtúlkun hinna fornu gyðja, þegar skautið skipti sköpum fyrir skilning á mannlífni. Shari bendir á, að „[s]kaufinn, sem stuggaði skauti konunnar úr miðju sköpunarinnar, hafi orðið að tákni fyrir drottun karla yfir konum, börnum, Móður Jörð og öðrum karlmönnum.“ En eins og áður er dregið á, er margt skrítíð í kýrhausnum. „Þó undarlegt megir virðast voru konur fyrstu dýrkendur skaufans. En ekki vegna hans í sjálfu sér, heldur litu þær á reðurinn sem viðbót við gyðjuna. Hann var í þágu kynlífs konunnar ... kynnautnar [hennar],“ staðhæfir Shari.

En svo virðist þó, að kynfæri karla hafi haft víðtækari táknræna skírskotun í árdaga skráðrar menningar. Hatshepsut, hinn mikli kvenfaraó Egypta í fornöld, flíkaði þeim t.d. til að sýna veldi sitt: „Hún lýsti sig karlguð og gerði það að leiki sínum að ganga með gerviskegg og fyðil. Hér má auðveldlega greina föðurveldisviðhorf,“ segir Shari.

En mæður í gervi gyðja og goðsagnakvenna gátu sýnt á sér aðrar hliðar. Í Biblíunni er sögð sagan af ónargrimmri móður, Söru. Mæður í fornöld voru engin lömb að leika sér við, þegar hagsmunir þeirra voru í húfi. Sara, eiginkona Abrahams, gerði elju sína, Hagar, brottræka sem og soninn Ishmael Abrahamsson. Hagar var þjónustustúlka Söru, sem var barnlaus. Því gaf Sara Abraham stúlkuna, svo hann ætti auka kyn sitt. Sagan endurspeglar þekktu tegund ýgi mæðra, þ.e. að gera út af við eljur og afkvæmi þeirra. Það er mikilvægt fyrir vöxt og viðgang eigin ættar. Því getur fóstur- og stjúp börnum verið hætta búin eins og lýsir sér í ævintýrinu um Hans og Grétu til að mynda.

Í grískri goðafræði birtist móðir í svipuðu ljósi. Medea var „alræmd galdranorn,“ segir Jón Gíslason. Hún „var viti sínu fjær af ást til Jasons. Tilreiddi hún honum töfrasmýrsl, svo að eldur fékk ekki grandað honum.“ Í viðureign við dreka „[s]væfði Medea þá með göldrum.“ Jason og Medea lögðu á flóttu. „Medea hafði og með sér ungan bróður sinn. ... brytjaði hún sveininn í sundur og kastaði líkinu lim fyrir lim í sjóinn.“ Í baráttu um yfirtöku konungsdæmis „[n]eytti Medúsa ... hatrammlegra bragða. Taldi hún dætur hins aldurnigna konungs á að högga föður sinn í stykki og sjóða þau í töfralegi nokkrum, er hún hafði bruggað.“ En Jason varð afhuga Medúsu og gekk að eiga Kreúsu. „Í brúðargjöf sendi Medea Kreúsu skikkju og ennishlað. Voru gripir þeir eitradir og urðu hinni ófarsælu brúði að fjörlesti. Drap Medea síðan börn þau, er hún hafði átt við Jasoni og flýði á gandreid til Aþenuborgar.“

Shari hefur haft erindi sem erfiði. Hún hefur sannfært mig um, að mæður hafi ekki alltaf verið saklausar, fórnfúsar og kynlausar. Það er liðinn sá tími, að mæður ráðlegðu dætrum sínum um vígslu brúðkaupsnæturinnar: „[H]reyfðu hvorki legg né lið og hugsaðu um [breska] heimsveldið.“

Þýðingar eru höfundar.